VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Karl Björnsson
Borgartúni 30, pósthólf 8100
128 Reykjavík

Reykjavík 2. október 2018
Tilv.: VEL18090112/06.41.00

Efni: Nýr lagarammi félagsþjónustu

Ráðuneytið vísar til erindis sambandsins, dags. 13. september sl. þar sem óskað var eftir tilteknum breytingum á nýsamþykktum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lögum um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 37/2018, en bæði lögin taka gildi 1. október nk.

Í fyrsta lagi var óskað eftir breytingu á 20. gr. laga nr. 38/2018 á þann veg að sett verði inn heimild til þess að setja reglugerð um skipan og málsmeðferð sérfræðingateymis sem starfar á grundvelli greinarinnar. Ráðuneytið hefur fengið þessa ábendingu í samhengi við vinnslu reglugerðar á grundvelli 21. gr. laganna en telur nægjanlegt að teymið, í samvinnu við ráðuneytið, setji sér verklagsreglur sem birtar verði á vef ráðuneytisins. Verði það hins vegar niðurstaðan að það sé ekki nægjanlegt, eða að skerpa þurfi á heimildum teymisins, mun ráðuneytið gera viðeigandi ráðstafanir við næstu endurskoðun laganna.

Í öðru lagi er bent á að ekki sé fyrir hendi gjaldtökuheimild til þess að gera þá kröfu að þeir sem eru eldri en 18 ára og nýti þjónustu skammtímadvala greiði kostnað vegna fæðis og tómstunda. Ráðuneytið hefur skoðað málið og komist að þeirri niðurstöðu að innheimta slíks kostnaðar þurfi ekki lagaheimild enda sé hér ekki um þjónustugjöld að ræða. Almennt er það svo að sé ætlunin að innheimta einhvers konar gjald fyrir þjónustu sem borgararnir eiga rétt á lögum samkvæmt þarf það að styðjast við lagaheimild. Í lögunum er hins vegar ekki að finna skyldu fyrir sveitarfélögin til þess að útvega fötluðu fólki mat, heldur er meginreglan sú, m.a. skv. lögum um félagsþjónustu, að einstaklingum eldir en 18 ára sé skylt að framfleyta sjálfum sér. Kostnaður vegna fæðis og tómstunda fellur því utan þeirrar þjónustu sem einstaklingar eiga rétt á samkvæmt lögunum. Því þarf ekki lagastoð til þess að þeim sé gert að standa straum af slíkum kostnaði, enda eru þeim með lögum um almannatryggingar tryggð framfærsla til þess að standa straum af slíkum kostnaði. Þá er jafnframt til þess að líta að ákvæði hafa verið um langa tíð í reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum, nr. 1054/2010 um hvernig kostnaðarþátttöku er háttað á heimilum fatlaðs fólks þar sem um er að ræða sameiginleg matarinnkaup, án þess að það hafi verið talin þörf á sérstakri lagaheimild fyrir slíku.

Í þriðja lagi er bent á að mistök hafi verið gerð varðandi hugtakanotkun þar sem farist hefur fyrir að skipta út hugtakinu heimaþjónusta fyrir *stuðningsþjónusta* í tveimur greinum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Ráðuneytið þakkar ábendinguna og mun lagfæra þetta við næstu breytingu laganna.

Að lokum er vakin athygli á því að með lögum nr. 152/2010 um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra var m.a. bætt við lögin ákvæði til bráðabirgða IV þar sem kveðið var á um að komið skyldi á laggirnar sérstöku samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka fatlaðs fólks um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). Á grundvelli þessa ákvæðis var frá árinu 2011 til 2017 starfandi verkefnisstjórn um tilraunaverkefnið um NPA með fulltrúum fyrrgreindra aðila (verkefnisstjórnin hélt yfir 100 fundi um málefnið). Verkefnisstjórnin vann að ýmsum verkefnum sem snúa að því hvernig framkvæmd verkefnisins yrði best fyrir komið. Verkefnisstjórnin lauk störfum í árslok 2016 og með svokallaðri skilagrein um verkefnið og reifaði helstu álitamál sem upp hafa komið. Ráðuneytið hefur bæði með formlegu og óformlegu samráði við hagsmunaaðila reynt að koma þeim málum í farveg. Í greinargerð með frumvarpi til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir (sem síðar var að lögum undir heitinu lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir) er því lýst með ítarlegum hætti hvernig staðið var að þessari vinnu.

Eftir að lög nr. 38/2018 voru samþykkt tók við mikið samráð við hagsmunaaðila um það hvernig reglugerð um NPA yrði best gerð úr garði.

Stofnað var til sérstaks samráðsvettvangs við fyrrgreindra aðila og jafnframt voru lokadrög úr því samráði send í samráðsgátt stjórnvalda. Farið var yfir þær athugasemdir með öllum hagsmunaaðilum fyrir stuttu síðan. Ráðuneytið mun yfirfara athugasemdirnar í framhaldinu og vera tilbúin með reglugerð þegar lögin taka gildi. Ráðuneytið mun síðan í byrjun nóvember efna til sérstakra málstofa með öllum hagsmunaaðilum þar sem farið verður yfir NPA reglugerðina lið fyrir lið.

Fyrir liggur að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga (Js) auglýsti í júní sl. eftir umsóknum sveitarfélaga um endurnýjun eldri NPA samninga ásamt því að óskað var eftir umsóknum um nýja NPA samninga á árinu 2018. Þær umsóknir liggja nú fyrir og er gert ráð fyrir að hægt verði að hefja afgreiðslu þeirra á næstu dögum.

Fyrir liggur að fjármögnun samninga fyrir árið 2018 verður með þeim hætti 200 m.kr. eru til reiðu til þess að fjármagna eldri samninga sem verða um 50 talsins. Nýjar umsóknar eru nú um 30 talsins. Um 140 m.kr. voru síðan samþykktar við meðferð fjárlaga 2018 (þar af er gert ráð fyrir 30 m.kr. í öndunarvélaþjónustu). Þessu til viðbóta er óráðstafað til verkefnisins milli 30-40 m.kr.

Í fjármálaáætlun til næstu fjögurra ára er gert ráð fyrir fastri 70 m.kr. fjárveitingu til viðbótar á hverju ári til þess að fjármagna hlutdeild ríkisins í NPA verkefninu. Gert er ráð fyrir því að verkefni verði að fullu komið í umsjá sveitarfélaga 2022 og fylgi þá framlag ríkisins vegna NPA til sveitarfélaga. Hér að neðan eru svör við einstaka liðum í bréfi sambandsins:

- Fjármögnun fræðslu, þjálfunar og undirbúningur að veitingu starfsleyfis.

Eins og fram kemur í bréfi velferðarráðuneytisins til Sambandsins dags. 24. ágúst sl. við fyrirspurn um þetta efni þá svarar ráðuneytið því til að engin ákvörðun hafi verið tekin um þetta efni en í ráðuneytinu hafi það verið rætt að ráðuneytið komi að fjármögnun og því sambandi megi horfa til óhafinna heimilda hjá Js.

- Sérfræðikostnaður vegna viðbótarþarfa, m.a. vegna túlkaþjónustu.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra hefur úthlutað fjármagni til félagslegrar túlkaþjónustu fyrir þá sem eru heyrnarlausir eða eru með samþætta sjón og heyrnarskerðingu. Samskiptamiðstöðin fær fjármögnun á fjárlögum í gegnum mennta- og menningarmálaráðuneytið til verkefnisins. Ljóst er að ekki hefur verið fundinn lending til að mæta að fullu óskum um þetta efni og er gerð tillaga um að ekki verði tekin afstaða til þess að sinni.

- Aðstoðarverkstjórn.

Fjármögnun aðstoðarverkstjórnar hefur í öllu samráðsferlinu verið skýr. Komi til aðstoðarverkstjórnar þá er sá fjöldi sérstaklega reiknaður og kemur þá inn í heildartölu hvers samnings. Ríkið greiðir síðan 25% af heildarupphæð hvers samnings.

- Launabreytingar á gildistíma NPA- samnings.

Gert er ráð fyrir því að umsýsluaðili NPA samnings vinni út frá gildandi kjarasamningum á hverjum tíma. Breytingar á framlagi ríkisins hvað þetta snertir fylgja þá ákvörðun fjármálaráðuneytisins á hverjum tíma.

- Sérstakar tímabundnar stuðningsþarfir notenda.

Komi til aukinna eða minni tímabundinna stuðningsþarfa notanda þá er gengið út frá því að gerðir verði nýir NPA samningar. Kostnaðarhlutdeild ríkisins verður áfram 25%.

- Hlutdeild annarra þjónustuaðila í NPA- samningum (menntakerfi o.fl.)

Umræða um þetta atriði hefur verið í gangi frá því 2012. Verkefnisstjórn um NPA tók þetta atriði ítrekað upp við mennta- og heilbrigðiskerfi en ekki náðist niðurstaða. NPA samningar ná því í dag bara til aðstoðar í sértækri félagsþjónustu. Það er því ennþá verkefni til framtíðar að fá önnur kerfi til samstarfs um heildstæða framkvæmd um NPA.

- Umsóknir um NPA samninga.

Ráðuneytið skilur lokamálslið ákvæðis I til bráðabirgða með lögum nr. 38/2018 þar sem kveðið er á um að gildandi samningar haldi gildi sínu sé átt við að samningar sem hafa verið gerðir fyrir gildistöku laganna falli ekki úr gildi við gildistöku laganna heldur haldi þeir gildi sínu út samningstímann, sem í flestum tilvikum er til áramóta. Þá er hægt að endurskoða þá og ákvæðið girðir ekki fyrir að breyttar forsendur notenda eða breyttar reglur geti leitt til breytinga á réttarstöðu notenda. Það var hins vegar vilji þingsins að enginn ætti að missa NPA samning sem hefur hann nú þegar þó að forsendur slíkra samninga geti breyst vegna breytts lagaramma.

Varðandi frestun á gildistöku ákvæða um NPA þá var það skýr vilji þingsins að lögin skyldu taka gildi sem fyrst og varð 1. október fyrir valinu og eftir því verið unnið. Þá vill ráðuneytið árétta að lagaramminn hefur legið fyrir í nokkra mánuði auk þess sem sveitarfélögin hafa tekið virkan þátt í útfærslu reglugerða á grundvelli laganna sem hafa jafnframt verið settar í opið samráðsferli. Það á því mat ráðuneytisins að sveitarfélögin hafa verið virkir þátttakendur í vinnunni og ættu að vera það vel upplýst um hvernig útfærsla þjónustunnar verður að það sé ekki ástæða til þess að fresta gildistöku laganna. Þá er ljóst af ákvæðum til bráðabirgða með lögunum að árin 2018-2022 verða nýtt áfram til þess að þróa þjónustuna og vinna að innleiðingu hennar. Ráðuneytið vill einnig benda á að beiðni sveitarfélaganna kom rétt rúmum tveimur vikum fyrir gildistöku laganna og er það því mat ráðuneytisins að óskir um að flutt verið frumvarp um seinkun gildistöku ákvæða um NPA sé of seint fram komin.

Fyrir hönd félags- og jafnréttismálaráðherra

Ellý Alda Þorsteinsdóttir — Rún Knútsdóttir

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
Mál nr. 1806019SA
Móttekið dags. 05. OKT. 2018
Bréfalykils nr. 02.00